

33. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 01.11 2016, kl. 13.30

Mættir eru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur Steingrímur Karlsson frá Óbyggðasetri.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Óbyggðasetur**
- 2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**
- 3. Skýrsla oddvita**
- 4. Hengifoss, umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamanna**
- 5. Vatnsveita Skriðuklaustri**
- 6. Aðalfundarboð HAUST 2016**
- 7. Aðalfundarboð Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2016**
- 8. Aðalfundarboð Skólaskrifstofu Austurlands 2016**
- 9. Skipun 2ja varafulltrúa í svæðisskipulagsnefnd SSA**
- 10. Gistihús við Végarð**
- 11. Kæra vegna deiliskipulags frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1**

Bréf Úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála dags. 20.10 2016 , ásamt fylgigögnum.

12. Fjárhagsáætlanir stofnana 2017

- a) Árgjöld til SSA
- b) Brunavarnir á Héraði 2017
- c) Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs 2017
- d) Minjasafn Austurlands 2017
- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 2017
- f) Skólaskrifstofa Austurlands 2017

13. Fjárhagsleg málefni

- a) Útsvarsprósentu
- b) Gjaldskrár og reglur

14. Bréf

- a) Skeggi G. Þormar dags. 15.10 2016

- b) Innanríkisráðuneytið dags. 03.10 2016
- c) Innanríkisráðuneytið dags. 27.10 2016
- d) EBÍ Brunabót dags. 27.09 2016

15. Fjárbeiðnir

- a) Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótdalshéraði
- b) ÚÍA
- c) Krabbameinsfélag Íslands
- d) Stígamót
- e) Snorraverkefnið 2017
- f) Skáksamband Austurlands

16. Umhverfisstyrkumsóknir

- a) Björk Kjartansdóttir, Klúku
- b) Eiríkur og Matthildur , Arnheiðarstöðum

17. Fundargerðir

- a) Svæðisskipulagsnefnd SSA 20.10 2016
- b) Félagsmálanefnd 19.10 2016
- c) Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélags 21.09 2016
- d) Samtök orkusveitarfélaga 04.10 2016
- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.09 2016
- f) Brunavarnir á Austurlandi 14.10 og 28.10 2016
- g) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 03.10 2016
- h) Brunavarnir á Héraði 10.10 2016

18. Önnur mál

- 1. Óbyggðasetur.** Safnið var formlega opnað sl. sumar. Steingrímur fór yfir helstu þætti í starfseminni og að hverju væri stefnt á næsta ári. Safnið hefur fengið góða umfjöllun í fjölmiðlun og heilt yfir hefur rekstur gengið framur vonum. Rætt var um framlengingu á þjónustusamningi milli sveitarfélagsins og Óbyggðasetursins, en núverandi samningur rennur út um næstu áramót.

Steingrímur yfirla fundinn um kl. 14.30.

Sveitarstjórn sammála um að þjónustusamningurinn verði framlengdur og felur oddvita málið til vinnslu.

- 2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.** Samþykkt að greiða kostnað vegna nemanda sem er í grunnskóla á Selfossi, en með lögheimili í Fljótsdalshreppi.

- 3. Skýrsla oddvita.**

Oddviti sat aðalfund SSA á Seyðisfirði 7.-8. október, sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér ályktanir frá fundinum.

Oddviti sat einnig kynningarfund á Seyðisfirði 8. október, þar sem fulltrúar frá Íbúðalánasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga ræddu um framkvæmd laga um almennar íbúðir og áhrif þeirra á sveitarfélög.

Skv. samantekt til veiðistjóra um refa –og minkaveiðar í Fljótsdalshreppi á síðasta veiðitímabili voru unnin 5 greni, felld 9 grendýr, 18 yrðlingar og 17 hlaupadýr og 8 minkar. Kostnaður um 1,2 millj. Hluti af kostnaði er endurgreiddur af ríkinu.

Samkvæmt lögum um velferð dýra bera sveitarfélög ábyrgð og kostnað er varðar hjálparskyldu gagnvart hálfvilltum og villtum dýrum sem ekki eru í útrýmingarhættu. Fljótsdalshreppur hafði aðkomu að máli í haust er varðaði slasað hreindýr á Múla. Lögin virðast þó ekki nægjanlega skýr er varða verkferla og ástæða til að þessi mál verði tekin upp til umræðu á vettvangi sveitarstjórnarmála.

Minjavörður Austurlands var á ferð í Fljótsdal fyrir nokkru og skoðaði gömul útihús á Langhúsum.

Austurbrú hélt kynningu á verkefninu „Áfangastaðurinn Austurland“ í Végarði 28. október.

Árfundur Umhverfisstofnunar og náttúrverndarnefnda sveitarfélaga verður haldinn í Hvalfjarðarsveit 10. nóvember n.k.

Skipulagsstofnun hefur gefið út Landsskipulagsstefnu 2015-2026, ásamt greinagerð. Hægt er að kynna sér gögnin á vef landsskipulagsstefnu www.landsskipulag.is.

Tour de Ormurinn þakkar veittan stuðning á árinu og sendir mynd af hjólreiðamönnum.

- 4. Hengifoss, umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamanna.** Sendar voru inn þrjá umsóknir til sjóðsins vegna framkvæmda á Hengifossvæðinu. Hengifoss er tilgreindur í landsáætlun um uppbyggingu ferðamannastaða, vegna forgangsverkefna 2017.
- 5. Vatnsveita Skriðuklaustri.** Fyrir liggja drög að Vatnsveitu Skriðuklausturs. Drögin eru samningur milli þeirra aðila er nýta vatn úr Melakrók. Samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps.
- 6. Aðalfundarboð HAUST 2016.** Fundurinn er haldinn í Snæfellsstofu 2. nóv kl 13.30, oddviti tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins.
- 7. Aðalfundarboð Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2016.** Haldinn á Nesk 3. nóv kl 14.00. Gunnar Gunnarsson er aðalfulltrúi sveitarfélagsins og til vara Sólveig Ólafsdóttir.
- 8. Aðalfundarboð Skólaskrifstofu Austurlands 2016.** Fundurinn er haldinn á Borgarfirði 4. nóv kl 14.00, oddviti verður aðalfulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

9. **Skipun 2ja varafulltrúa í svæðisskipulagsnefnd SSA.** Jóhann Þórhallsson og Arna Björg Bjarnadóttir tilnefnd sem varafulltrúar sveitarfélagsins í nefndina.

Gunnþórunn vék af fundi vegna umfjöllunar undir þessum lið.

10. Gistihús við Végarð.

Núverandi leigjendur hafa óskað eftir að framlengja að nýju samning til fimm ára. Lárusi falið að leita upplýsinga varðandi málið. Ekki teknar neinar ákvarðanir að svo stöddu.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

11. Kæra vegna deiliskipulags frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1.

Bréf Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20.10 2016 , ásamt fylgigögnum.

Nefndin hefur til meðferðar kæru vegna deiliskipulags frístundabyggðar Víðivöllum Ytri 1. Nefndin óskar eftir gögnum er varða málið og er sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kærana. Lögmaður sveitarfélagsins er með málið í vinnslu.

12. Fjárhagsáætlanir stofnana 2017

- a) Árgjöld til SSA . Framlag Fljótsdalshrepps árið 2017 verður kr. 205.635,- Samþykkt.
- b) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2017 og fjárfestingaáætlun 2017. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og er áætlaður hlutur Fljótsdalshrepps í rekstri kr. 859. 805- og í fjárfestingu. 401.231- Samþykkt.
- c) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2017. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun , hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 1.601.535- Samþykkt.
- d) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2017. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 728.977- Samþykkt.
- e) Ársreikningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2015 og ársskýrsla 2015. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2017 samþykkt , hlutur Fljótsdalshrepps kr. 643.578 . Gögn að öðru leyti lögð fram til kynningar. Samþykkt.
- f) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2017 samþykkt , hlutur Fljótsdalshrepps áætlaður kr. 182.967,- Samþykkt.

13. Gjaldskrár og reglur 2017

Samþykkt að útsvarsprósenta fyrir 2017 verði óbreytt 13,20 %.

Reglur um frístundastyrki 2017 . Samþykkt að frístundastyrkur árið 2016 verði kr. 14.000,-.

Reglur um umhverfisstyrki 2017. Samþykkt að styrkir verði veittir árið 2017 og reglur verði óbreyttar.

Reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa 2017. Samþykktar óbreyttar reglur fyrir 2017

Reglur um styrki til framhaldsskólanema 2017. Samþykkt að styrkur til framhaldsskólanema vegna 2017 verði kr. 90.000,- per önn, og reglur um styrkina óbreyttar.

Samningar við refaveiðimenn 2017. Launataxti fyrir grenjaleit hækki í samræmi við launaþróun og lítilsháttar hækkanir verða á verðlaunagreiðslum grendýra og yrðlinga, einnig

fyrir notkun á fjórhjólum , en að öðru leiti verða reglur um refaveiðar óbreyttar fyrir árið 2017.

Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2017 Samþykkt fyrirleggjandi tillaga um að laun sveitarstjórnar og nefnda uppreiknist samkv. launavísitölu um áramót eins og verið hefur. Taxti tímakaups og verktöku hækki í samræmi við launaþróun , að öðru leyti verða reglur óbreyttar.

Reglur um niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar reglur fyrir árið 2017.

Álagningar-og innheimtu reglur fasteigna-og þjónustugjalda 2017. Samþykkt fyrirleggjandi tillaga fyrir 2017. Álagningarprósenta fasteignaskatts verður óbreytt sem og gjaldskrár fyrir sorphirðu og rotþrær. Fasteignagjöld um fram 20.000,- kr. verða innheimt með 3 gjalddögum. Tekjumörk afsláttar fasteignaskatts af eigin íbúðarhúsnæði sem elli –og örorkulífeyrisþegar búa í eru hækkuð lítilsháttar, en að öðru leyti óbreyttar reglur.

Ofangreindar reglur og samþykktir geta íbúar kynnt sér á heimasíðu Fljótsdalshrepps www.fljotsdalur.is, og á skrifstofu sveitarfélagsins, þegar fjárhagsáætlanagerð næsta árs verður lokið. Oddvita er falið að kynna styrkmöguleika í fréttabréfi til íbúa.

14. Bréf

- a) Skeggi G. Þormar dags. 15.10 2016. Skeggi óskar eftir undanþágu á reglum um fasta búsetu á jörðum við útgreiðslu umhverfisstyrks , vegna styrkumsóknar sem samþykkt var á árinu 2015. Þar sem dauðsfall er um að ræða þá samþykkir sveitarstjórn undanþágu og að greiddur verði hálfur styrkur.

Þorvarður fór af fundi 17:30

- b) Innanríkisráðuneytið dags. 03.10 2016. Varðar form og efni viðauka í fjárhagsáætlun. Kynnt
- c) Innanríkisráðuneytið dags. 27.10 2016. Varðar greiðslur til sveitarfélaga vegna alþingiskosninga. Kynnt
- d) EBÍ Brunabót dags. 27.09 2016. Varðar ágóðahlutagreiðslu 2016, hlutur Fljótsdalshrepps 20.500 kr..

15. Fjárbeiðnir

- a) Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótdalshéraði. Samþykktur 100.000 kr. styrkur til kaupa á nýju ómtæki á Egilsstöðum.
- b) ÚÍA. Samþykkt ósk um að Fljótsdalshreppur styrki ÚÍA um kr 200 per. íbúa á árinu 2017.
- c) Krabbameinsfélag Íslands. Samþykktur 10.000 kr. styrkur.
- d) Stígamót. Hafnað.
- e) Snorraverkefnið 2017. Hafnað.

- f) Skáksamband Austurlands. Samþykktur 10.000 kr. styrkur vegna firmakeppni.

16. Umhverfisstyrkumsóknir

- a) Björk Kjartansdóttir, Klúku. Samþykkt ósk um breytingu á umsókn frá 2015. Samþykktur hámarksstyrkur fyrir árið 2016.

Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis

- a) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur

Eiríkur kom aftur til fundar

17. Fundargerðir

- a) Svæðisskipulagsnefnd SSA 20.10 2016. Kynnt.
- b) Félagsmálanefnd 19.10 2016. Kynnt.
- c) Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélags 21.09 2016. Kynnt.
- d) Samtök orkusveitarfélaga 04.10 2016. Kynnt.
- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.09 2016. Kynnt.
- f) Brunavarnir á Austurlandi 14.10. Kynnt.
- g) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 03.10 2016. Kynnt.
- h) Brunavarnir á Héraði 10.10 2016 og 28.10 2016. Óskað er eftir fjárframlagi til kaupa á slökkvibíl. Hlutur Fljótsdalshrepps er um 230.000 krónur. Samþykkt.

18. Önnur mál

- a) Kynnt minnisblöð frá byggingarfulltrúa vegna vettvangsferða 15.9.2016 og 17.10.2016.
- b) Erindi frá Gunnarsstofnun um að Fljótsdalshreppur verði aukaaðili án fjárskuldbindinga að NPA-umsókn. Samþykkt.
- c) Fyrirhugað er að Fljótsdæla verði kynnt á Skriðuklaustri 20.nóvember n.k. og við það tækifæri verði ábúendum í Fljótsdalshreppi gefið eintak af bókinni.
- d) Stefnt er að aukafundi sveitastjórnar 22.11.2016.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18.30

Porvarður og Lárus rituðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)